



## Fundur í sveitarstjórn

**55. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri fimmtudaginn 24. nóvember 2016 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Reynir Atli Jónsson oddviti gerði grein fyrir því að hann væri aftur mættur til starfa að afloknu leyfi.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 843. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga
2. Fundargerð 389. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands
3. Ályktun 40. hafnarsambandsþings um umhverfismál
4. Fundargerð 287. fundar stjórnar Eypings
5. Ályktun aðalfundar Eypings
6. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Starfsáætlun 2017
7. Héraðsnefnd Þingeyinga, fundargerð stjórnar og fjárhagsáætlun 2017
8. Norðurhjari, innsent erindi
9. Bygðakvóti, sérreglur Langanesbyggðar
10. Eignasjóður, Grunnskólinn á Þórshöfn staða framkvæmda
11. Eignasjóður lántaka
12. Gjaldskrár Langanesbyggðar
13. Fjárhagsáætlun 2017, fyrri umræða
14. Skýrsla sveitarstjóra

### Fundargerð:

- 1. Fundargerð 843. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- 2. Fundargerð 389. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- 3. Ályktun 40. hafnarsambandsþings um umhverfismál.**

Ályktun lögð fram til kynningar.



## LANGANESBYGGÐ

### 4. Fundargerð 287. fundar stjórnar Eypings.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### 5. Ályktun aðalfundar Eypings.

Ályktun lögð fram til kynningar.

### 6. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Starfsáætlun 2017.

Fram er lögð starfsáætlun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (AÞ) vegna 2017 ásamt fjárhagsáætlun 2017 og skiptingu kostnaðar á sveitarfélögin sem að félaginu standa. Áætlunin gerir ráð fyrir því að hlutur Langanesbyggðar í rekstri AÞ verði 1.694.450,- Karl Ásberg tók til máls og bað um skýringar sem sveitarstjóri útskýrði.

**Bókun:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða starfs- og fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

### 7. Héraðsnefnd Þingeyinga, fundargerð fulltrúaráðs og fjárhagsáætlun 2017.

Fram er lögð fundargerð fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga (HÞ) dags. 18. nóvember og fjárhagsáætlun sem þá var tekin til afgreiðslu undir lið 2 í fundargerð. Einnig fylgja fundargerðinni forsendur áætlunar og skipting kostnaðar milli sveitarfélaga. Hlutur Langanesbyggðar er áætlaður 524.403.-

**Bókun:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun

Samþykkt með 6 atkvæðum, Björn Guðmundur situr hjá.

### 8. Norðurhjar, innsent erindi.

Lagt er fram erindi frá Norðurhjara hvar þess er farið á leit að samtökin fái að hitta fulltrúa sveitarfélagsins, einnig er lagt fram yfirlit verkefna samtakanna frá seinnihluta árs 2015 til loka október 2016.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að koma á fundi með forsvarsmönnum Norðurhjara og sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

### 9. Byggðakvóti, Sérreglur Langanesbyggðar.

Sveitarstjóri lagði fyrir sveitarstjórn drög að bréfi til Atvinnu- og Nýsköpunar-ráðuneytisins. Í bréfinu, er með vísan til 2. gr. reglugerðar 641/2016 frá 8. júlí 2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017 og er þess farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Ósk um breytingu er eftirfarandi og varðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar og eru þær samhljóða breytingum fyrra árs.

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim aflu sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“



## LANGANESBYGGÐ

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Nánari rökstuðningur fylgir með í bréfinu.

Sveitarstjóri benti fundarmönnum á eftirfarandi texta úr reglugerðinni „*Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein. Þá er einungis heimilt að meta til viðmiðunar samkvæmt þessari grein landaðan afla sem ekki hefur áður verið metinn til úthlutunar byggðakvóta.*

*Með vinnslu skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu, frystingu, söltun eða herslu.“*

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að senda framlagt bréf.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Björn Guðmundur sitja hjá.

### 10. Eignasjóður, Grunnskólinn á Þórshöfn staða framkvæmda.

Fram er lagt minnisblað sveitarstjóra dags. 22. nóvember, minnisblað EFLU dags 21. nóvember og skýrsla EFLU dags. 1. september. Í minnisblaðinu er farið yfir verkstöðu í endurnýjunarverkefni í Grunnskólanum á Þórshöfn og ástæður aukins umfangs verksins skýrðar.

Staða verkefnisins nú er að því er nánast lokið, bæði hefur verið innréttinga sem eru komnar til Þórshafnar. Eftir er að ljúka frágangi á gólfum í smíðastofu, setja upp innréttingar og ljúka smávægilegri lagnavinnu sem tengd er uppsetningu innréttinga.

Verkið hefur, eins og fram hefur komið bæði í sendum gögnum og á fundum sveitarstjórnar, aukist mjög að umfangi. Aukning skýrist aðallega af mun verra ástandi fasteignarinnar en vonir gerðu ráð fyrir, einnig er skýringa að leita í ákvörðunum sem teknar voru á verk tíma. Þröngur tímarammi gerði einnig erfiðara fyrir, en þrátt fyrir aukið umfang þá tókst að hefja skólahlald nokkurn vegin á réttum tíma.

Sveitarstjórn var, eftir því sem nokkur kostur var, upplýst á verk tíma, bæði á formlegum fundum og utan þeirra. Einnig voru sveitarstjórn og fræðslunefnd veittur aðgangur að myndamöppu hvar fjöldi mynda var settur inn.

Mikil ánægja er innan stofnunarinnar með framkvæmdina, ljóst er að húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn er nú eins og best gerist.

Sveitarstjóri fór yfir málið og útskýrði. Til máls tóku Halldóra Jóhanna, Þorsteinn Ægir, Karl Ásberg, Hulda Kristín, Reynir Atli, Björn Guðmundur og sveitarstjóri.

Oddviti tekur fundarhlé. Fundur settur á ný.

Vegna aukins kostnaðar er þörf á gerð viðauka við fjárhagsáætlun 2016 og lánsfjármögnun að fjárhæð 69 milljónir. Viðauki er hér viðlagður og lagt til að veitt verði heimild til lántöku á forsendum hans og láns sem veitt var heimild fyrir í júní. Heimildin væri studd bókun sveitarstjórnar frá 26. september 2016



## LANGANESBYGGÐ

hvar sveitarstjóra var veitt heimild til að semja við Lánasjóð Íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun á auknum framkvæmdakostnaði.

**Bókun U-lista:** U-listinn er afar ósáttur við að kostnaður við viðhald Grunnskólanum á Þórshöfn hafi farið 100% framúr upphaflegri áætlun. Ljóst er að verkefnastjórnun hefur ekki verið sinnt sem skildi og eftirlit með framkvæmdinni algjörlega óviðundandi að okkar mati. U-listinn hefur verið lítið upplýstur um framkvæmdina allan verktímann og má sjá bókun um það á fundi í apríl þar sem við fengum ekki að sitja fund með sérfræðingum. Sökum þess hve seint gögn bárust til minnihluta áskiljum við okkur rétt til að taka málið upp aftur á næsta fundi.

Þorsteinn Ægir bað um 5 mín.fundarhlé. Fundur settur á ný.

### **Viðauki við fjárhagsáætlun 2016.**

Með vísan til ofangreinds þá er hér með lagður fram viðauki 4 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og yfirlit honum tengd. Í yfirlitum er sýnt hvaða áhrif þessi viðauki hefur á upphaflega samþykktu áætlun. Viðaukinn er gerður í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

#### Breytingar á fjárfestingu:

Viðbótarframlag vegna endurbóta á grunnskóla 69,0 millj. kr. Framangreindar fjárfestingar verða fjármagnað með lántöku að fjárhæð 69,0 millj. kr.

#### Breytingar á tekjuliðum:

Engar.

#### Breytingar á gjöldum:

Vegna nýrrar lántöku munu vaxta- og verðbótagjöld hækka um 2,3 millj. kr.

#### Rekstrarniðurstaða:

Eftir breytingar verður rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar 2016 jákvæð sem nemur 25,3 millj. kr.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðan viðauka.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Björn Guðmundur sitja hjá.

## **11. Eignasjóður lántaka**

Með vísan til bókunar hér að ofan er sveitarstjóra falið að leita lánaþyrirgreiðslu hjá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga á sömu forsendum og fyrra lán sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 30. júní sl. Björn Guðmundur og sveitarstjórn taka til máls.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir hér með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 69.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem samþykkt var 30. júní sl. Til tryggingar láninu



## LANGANESBYGGÐ

standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna viðhald á fasteignum eignasjóðs, það er Grunnskólanum á Þórshöfn sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Elíasi Péturssyni, sveitarstjóra kt. 130665-3739, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar að undirrita lánessamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, enda verði lánessamningur lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar á næsta reglulega fundi.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Björn Guðmundur sitja hjá.

### 12. Gjaldskrár Langanesbyggðar.

Fram eru lagðar útgefnar gjaldskrár Langanesbyggðar og lagt til að þær verði endurskoðaðar með þeim hætti að hækka þau gjöld hvar það á við um verðlagsþróun frá áramótum eftir samþykkt, einnig verði gjaldskrár hækkaðar samkvæmt verðlagsspá vegna komandi árs. Sveitarstjóri fór yfir málið.

**Bókun:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að gjaldskrár verði endurskoðaðar á ofangreindum forsendum, skulu endurskoðar gjaldskrár lagðar fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

### 13. Fjárhagsáætlun 2017, fyrri umræða.

Lögð er fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2017 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020.

Stefnt er að því að halda vinnufund sveitarstjórnar um fjárhagsáætlunina 3. desember n.k.

Til máls tóku Elías, Karl Ásberg og Björn Guðmundur.

**Bókun:** Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og vísar henni til seinni umræðu.

6 samþykkja, Karl Ásberg situr hjá.

### 14. Skýrsla sveitarstjóra.

Að frátöldum verkefnum sem fyrir hafa komið hér áður á fundi þessum þá ber hæst af verkefnum undanfarinna vikna Aðalfundur Eyþings. Mat sveitarstjóra er að fundurinn hafi tekist ákaflega vel og hefur sveitarstjóri heyrt af fundargestum að þeir séu sama sinnis.

Haldið hefur verið áfram með málefni sem tengjast Finnafirði, þar ber hæst formgerð samskipta og samvinnu sveitarfélaganna tveggja er að málinu koma. Vonir standa til að samningur verði lagður fyrir sveitarstjórn á næsta reglulega fundi. Einnig er unnið að ýmsum tæknilegum málum er varða einstaka liði viljayfirlýsingar aðila og snúa að sveitarfélögunum.

Ráðinn hefur verið rekstrarstjóri að Nausti, ráðning er til þriggja mánaða og verður



## LANGANESBYGGÐ

framlengd ef vel gengur. Sú sem ráðin hefur verið er að flytja hingað til Þórshafnar úr Öxarfirði.

Sveitarstjóri ásamt framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga átti símafund með forsvarsmönnum Toppfisks varðandi aukna úthlutun á sértækum byggðakvóta. Á fundinum kom fram að ráðamenn Toppfisks telja núverandi úthlutun ekki standa undir vinnslu og fullri atvinnu. Sveitarstjóri hafði samband við Byggðastofnun og ítrekaði áður framsettar óskir sveitarfélagsins um aukningu aflaheimilda. Svar Byggðastofnunar var skýrt hvað það varðaði að ekki væri um frekari úthlutun að ræða að sinni. Afstaða stofnunarinnar væri óbreytt eins og hún var sett fram í bréfi þann 24.10 síðastliðinn. Í bréfinu kemur fram að ákveðið hafi verið að úthluta ekki auknu aflamarki til Bakkafjarðar að þessu sinni. Ástæða ákvörðunar sé að nýr samningur um sértækan byggðakvóta hafi verið gerður við Bakkfirðinga um mánaðarmótin mars/apríl. Samningurinn var gerður í framhaldi af því að fyrri samningi var sagt upp að hluta. Byggðastofnun telur að rétt sé að láta reyna á þann samning áður en afstaða verði tekin til aukinna aflaheimilda vegna Bakkafjarðar. Sveitarstjóri telur mjög mikilvægt að til aukinnar aflaheimildar komi.

Björn Guðmundur tók til máls og óskaði eftir að bæta bókun við lið 11. Oddviti hafnar því þar sem þeim lið sé lokið.

Hulda Kristín óskar eftir fundarhléi. Fundur settur aftur.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 19.02.